

## SAMRUNAÁÆTLUN

Stjórnir Húsasmiðjunnar hf. kt. 520171-0299, Holtavegi 10, Reykjavík, Kjarlervogs ehf. kt. 520204-2450, Holtavegi 10, Reykjavík, gera svohljóðandi áætlun um sameiningu félaganna:

### 1. gr.

Stjórnir félaganna eru sammála um að sameina félögin á grundvelli XIV. kafla laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Gilda samþykktir Húsasmiðjunnar hf. um hið sameinaða félag.

Sameiningin miðast við 1. júlí 2007 og tekur Húsasmiðjan hf. við öllum rekstri, eignum og skuldum, réttindum og skyldum Kjarlervogs ehf. frá þeim tíma.

### 2. gr.

Húsasmiðjan hf. er eigandi 100% hlutafjár í Kjarlervogi ehf. Sameiningin er því gerð á grundvelli 129. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og 104. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Þar sem eignarhald Húsasmiðjunnar hf. er 100% kemur ekki til þess að ákvarða þurfi verðmæti hlutafjár í Kjarlervogi ehf. Við sameininguna fær því hluthafi Kjarlervogs ehf. ekki hlutabréf í Húsasmiðjunni hf. í skiptum fyrir eignarhlut sinn, heldur fellur hlutafé hans niður við sameininguna. Hlutafé Húsasmiðjunnar hf. fyrir sameiningu er 454.487.460 kr. og breytist ekki.

### 3. gr.

Við sameininguna renna allar eignir, skuldir og skuldbindingar Kjarlervogs ehf. inn í Húsasmiðjuna hf.

### 4. gr.

Þar sem ekki er um nýtt hlutafé að ræða hefur mat á virði fyrirtækjanna ekki farið fram. Samruninn byggist á árshlutareikningum félaganna þann 30. júní 2007. Frá samrunadegi tekur Húsasmiðjan hf. við öllum tekjum og greiðir öll gjöld vegna Kjarlervogs ehf. Þá annast Húsasmiðjan hf. gerð skattframtals fyrir Kjarlervog ehf. vegna ársins 2007.

5. gr.

Arður, sem greiddur kann að verða á árinu 2007 vegna rekstrarársins 2006 rennur til þeirra hluthafa sem eiga hluti í hinu sameinaða félagi á aðalfundardegi.

6. gr.

Stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og matsmenn, eftirlitsmenn félaganna eða hluthafar, njóta engra sérstakra hlunninda umfram aðra í hinu sameinaða félagi. Ekki verða gerðar neinar ráðstafanir í tengslum við samrunann til hagsbóta fyrir eigendur félaganna, stjórnendur, lánardrottna eða aðra.

7. gr.

Til staðfestu samningi þessum undirrita hann stjórnir Húsasmiðjunnar hf. og Kjalarvogs ehf., en stjórn Húsasmiðjunnar hf. sér um framkvæmd hans.


Reykjavík, 27. ágúst 2007.

Í stjórn Húsasmiðjunnar hf.



Sigrún Jónsd.

Guðni Guðni Þóroddur



Í stjórn Kjalarvogs ehf.



Sigrún Jónsd.

Guðni Guðni Þóroddur

